

Þingsályktun

um stofnun hátíðarsjóðs í tilefni 50 ára afmælis lýðveldisins.

Alþingi ályktar, í tilefni 50 ára afmælis lýðveldis á Íslandi, að stofna sjóð, lýðveldissjóð, og verja til hans 100 milljónum króna árlega næstu fimm ár.

Ráðstöfunarfé sjóðsins skal ár hvert á starfstíma hans, 1995–1999, varið með þessum hætti:

- a. Helmingi fjárhæðarinnar, 50 milljónum króna, til átaks í vistfræðirannsóknum á lífríki sjávar.
- b. Helmingi fjárhæðarinnar, 50 milljónum króna, til eflingar íslenskri tungu.

Alþingi kýs þriggja manna sjóðstjórn. Hún skal staðfesta rannsóknáætlun skv. a-lið og reglur um stjórn verkefnisins, svo og um þátttöku vísindamanna og stofnana í því. Enn fremur skal sjóðstjórnin skipta því fé sem er til ráðstöfunar skv. b-lið og samþykkja verkefnaáætlun.

Samþykkt á Alþingi 17. júní 1994.